

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Maí 2018

Skráð atvinnuleysi var 2,2 % í maí

Skráð atvinnuleysi í maí var 2,2% og minnkaði um 0,1 prósentustig frá aprílmánuði. Að meðaltali fjölgaði um 494 á atvinnuleysissskrá í maí í ár frá maí í fyrra (2017), en þá mældist skráð atvinnuleysi 1,9%.

Atvinnuleysi minnkaði um 0,3 prósentustig á landsbyggðinni frá apríl s.l. en um 0,1 prósentustig á höfuðborgarsvæðinu. Alls voru 2.130 karlar að jafnaði atvinnulausir í maí og 1.960 konur og var atvinnuleysi 2,1% meðal karla, (-0,1 prósentustig frá apríl s.l.) og 2,3% meðal kvenna (-0,1 prósentustig frá apríl s.l.). Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í maí eða 2,8% og 2,3% á höfuðborgarsvæðinu og 2,1% á Norðurlandi eystra.

Greiddar voru 1.004 milljónir í atvinnuleysistryggingar í maí, 933 milljónir vegna hefðbundinna atvinnuleysis-

trygginga, 39 milljónir vegna tekjutengdra trygginga og 32 milljónir vegna barnadagpeninga.


Alls fóru 635 einstaklingar af skrá í maímánuði, þar af fóru 429 í vinnu eða um 68%. Þá voru 111 (17%) einstaklingar sem staðfestu ekki atvinnuleit í lok maí eða mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal og voru því afskráðir.

Alls komu inn 187 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í maí. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest störf verkafólks í iðnaði, landbúnaði og fleiru eða 46 störf.

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Í maí tók 871 einstaklingur þátt í slíkum úrræðum.

Alls voru 1.396 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok maí eða um 31% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 4,6% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara.

Skráð atvinnuleysi frá maí 2016 til maí 2018



Greining atvinnuleysis

Atvinnuleysi í maí og horfur til næstu mánaða


Skráð atvinnuleysi í maí mældist eins og fyrr segir 2,2% og voru að jafnaði 4.090 einstaklingar á atvinnuleysissskrá í mánuðinum. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 101 á atvinnuleysissskrá frá apríl. Hins vegar voru nú 494 fleiri á atvinnuleysissskrá en í maí 2017.

Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í maí eða 2,8% og 2,3% á höfuðborgarsvæðinu.

Mesta lækkun atvinnuleysis (hlutfallsleg) var á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Minnsta atvinnuleysið var á Norðurlandi vestra 1,0%.

Atvinnuleysi eftir landshlutum



Alls voru 2.130 karlar að jafnaði atvinnulausir í maí og 1.960 konur og var atvinnuleysi 2,1% meðal karla og 2,3% meðal kvenna. Atvinnuleysi minnkaði um 0,1 prósentustig milli mánaða hjá báðum kynum en hefur aukist um 0,4 prósentustig milli ára hjá körlum en um 0,1 prósentustig hjá konum.

Alls voru 527 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok maí í ár sem samsvarar um 1,7% skráðu atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmönnum hefur fjölgað um 81 frá maí 2017 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldursbili var 446.

Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 913 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok maí en voru 813 í maílok 2017. Hefur þeim því fjölgað um 100 milli ára. Hlutfall langtímaatvinnulausra er svipað í maí í ár og í fyrra (2017) eða um 20% af öllum á atvinnuleysissskrá í maí s.l. en um 21% af öllum á atvinnuleysissskrá í maí 2017.

Atvinnugreinar og starfsstéttir

Nokkur fækkun atvinnulausra var í fiskveiðum, upplýsinga – og fjarskiptastarfsemi svo og í fjármála og fjarskiptastarfsemi frá maí 2017 en aukning í öðrum atvinnugreinum, mest í mannvirkjagerð og gistinga – og fjarskiptastarfsemi.


Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum var fækkun meðal sérfræðinga á atvinnuleysissskrá milli ára en nokkur aukning var á fjölda atvinnulausra í flestum starfsstéttum.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 1.396 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok maí eða um 31% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 4,6% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá komu

frá Póllandi eða 784, sem er um 56% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisskrá.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok maí 2018



Horfur til næstu mánaða

Gera má ráð fyrir að atvinnuleysi minnki í júní vegna vaxandi árstíðaumsvifa í ýmsum atvinnugreinum, byggingariðnaði, gistingu- og veitingastarfsemi, o.fl. Gera má ráð fyrir að skráð atvinnuleysi í júní verði á bilinu 2,0-2,2%.


Þjónusta við atvinnuleitendur

Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 635 einstaklingar af skrá í maímánuði, þar af fóru 429 í vinnu eða um 68%. Þá voru 111 (17%) einstaklingar sem staðfestu ekki atvinnuleit í lok maí eða mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal og voru því afskráðir. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu. Þá voru 16 (3%) einstaklingar sem fóru af skrá vegna þess að þeir fóru í vinnumarkaðsúrræði. Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa, 11 fóru í fæðingarorlof, 15 voru óvinnufærir og fóru einhverjir þeirra í starfsendurhæfingu eða önnur endurhæfingarúrræði og sex höfðu fullnýtt bótarétt sinn.

Ástæður þess að fólk fór af atvinnuleysisskrá í maí 2018



Karlar voru 56% þeirra sem afskráðust í maí sem er sama hlutfall og í apríl. Um 65% afskráðra, eða 414 manns, höfðu verið atvinnulausir í innan við hálf t ár og 24% (154 manns) í 6 til 12 mánuði. Um 10% (67 manns) höfðu verið atvinnulausir lengur en eitt ár. Stærstur hluti afskráðra var fólk á aldrinum 50 ára og eldri (36%) og svo fólk á aldrinum 18-39 ára (17%).

Margir þeirra sem fóru í starf nýttu sér þjónustu vinnumiðlunar Vinnumálastofnunar við atvinnuleitina. Sumum var miðlað beint í starf af atvinnuráðgjafa, aðrir fengu ráðgjöf og urðu sér út um starf á eigin spýtur. Enn aðrir voru einungis skráðir atvinnulausir og fundu sér starf án nokkurrar aðstoðar.

Auglýst störf í vinnumiðlun í maí

Alls komu inn 187 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í maí. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest störf verkafólks í iðnaði, landbúnaði og fleiru eða 46 störf. Þá voru auglýst 35 störf verkafólks í þjónustu af ýmsu tagi s.s við ræstingar og þvotta o.fl. Um 53% þessara starfa voru á höfuðborgarsvæðinu, 14% á Suðurlandi og 12% á Vesturlandi. Um 21% voru annars staðar á landinu.


Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	34	18%
Þjónustustörf	35	19%
Afgreiðslustörf	18	10%
Iðnaðarmenn	15	8%
Bílstjórar og vélafólk	9	5%
Verkafólk í þjónustu	30	16%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði ofl.	46	25%
Samtals	187	100%

Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Í maí tók 871 einstaklingur þátt í slíkum úrræðum.

Af þessum 871 voru 395 í ýmiss konar grunnúrræðum, en grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitar-námskeið, ferilskrágerð, markmiðasetningu og sjálfstyrkingu. Alls voru 95 einstaklingar í grunnúrræðum

og 9 karlar. Þá voru 96 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, m.a. við ýmiss konar starfsþjálfun og í frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana.



Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í maí voru gefin út 80 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 57 einstaklingar, 7 einstaklingar fóru til Litháen og 16 til 10 annarra ríkja. Það sem af er ári hafa verið gefin út 211 slík vottorð.

FÆÐINGARORLOFSSJÓÐUR GREIDDI

980 milljónir í maí

til 2.886 mæðra og 1.178 feðra


sem snúa að sjálfstyrkingu og bjargráðum, 42 karlar og 53 konur. Flestir voru á aldrinum 18-29 ára eða 39 manns. Þá voru 236 manns á ýmiss konar námskeiðum, í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið fyrir útlendinga en einnig ýmis starfstengd námskeið s.s almenn tölvu- og bókhaldsnámskeið.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í maí unnu 22 einstaklingar að slíkri hugmynd, 13 konur

ÁBYRGÐARSJÓÐUR LAUNA GREIDDI 40 launamönnum


vangoldin laun vegna gjaldþrota
fyrirtækja í maí

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, maí 2018



Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í maí voru gefin út 97 U1 vottorð og er það um 90% aukning frá fyrra mánuði. Líkt og undanfarna mánuði voru flest vottorðin gefin út til Póllands (49). Að auki voru 15 vottorð gefin út til Spánar, sex til Tékklands, fimm til Slóvakíu og 22 til 10 annarra ríkja. Það sem af er ári hafa verið gefin út 444 U1 vottorð.

Útflutt réttindi í atvinnuleysistryggingakerfinu eftir löndum, maí 2018



Útlendingar


Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

Áframhaldandi aukning í umsóknum um atvinnuleyfi vegna skorts á starfsfólki

Í maí gaf Vinnumálastofnun út 158 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 792 atvinnuleyfi það sem af er ári. Af útgefnum leyfum í maí voru 93 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, 41 framlengd leyfi, 21 leyfi til námsmanna og þrjú á grundvelli þjónustusamninga. Hefur stofnunin nú þegar gefið út 8% fleiri atvinnuleyfi en á sama tíma árið 2017.

Áfram er aukning milli ára á útgefnum atvinnuleyfum vegna skorts á starfsfólki. Það sem af er árinu 2018 hefur Vinnumálastofnun lokið afgreiðslu 158 umsókna um ný atvinnuleyfi vegna skorts á starfsfólki. Þar af hefur stofnunin gefið út 98 slík leyfi og synjað 54 umsóknum um slík leyfi. Í meðfylgjandi töflu er samanburður á afgreiðslu umsókna um atvinnuleyfi vegna skorts á starfsfólki fyrstu fimm mánuði ársins fyrir árin 2016 til 2018.

Afgreiðsla skortsleyfa jan. til maí 2016 til 2018



Meirihluti starfsmanna starfsmannaleiga vinnur við byggingar- og mannvirkjagerð


Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar var samtals 31 erlent fyrirtæki starfandi í maí. Fjöldi

Starfsmanna á vegum þessara fyrirtækja var 210 og hefur þeim fækkað um 16 frá apríl.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra sem erlendra, samtals 1.574 í mánuðinum á vegum 30 starfsmannaleiga. Þessum starfsmönnum hefur því fjölgað á milli mánaða, eða um 159.

Starfsmenn starfsmannaleiga starfa hjá fyrirtækjum í fjölbreyttum atvinnugreinum þótt langflestir eða rúmlega 60% starfi í byggingar- og mannvirkjagerð. Á meðfylgjandi súluriti má sjá skiptingu milli atvinnugreina notendafyrirtækja. Vakin er athygli á því að um grófflokkun er að ræða:

Fjöldi starfsmanna starfsmannaleiga í maí 2018



Sjá nánar tölulegar upplýsingar á [mælaborði](#) Vinnumálastofnunar og í [excelskjöllum](#).

Viðburðir um vinnumál

Ársfundur VMST 2018

Vinnumálastofnun hélt ársfund sinn 24. maí síðastliðinn þar sem sjónum var beint að framtíðarfærnisþám og þróun vinnumarkaðarins. Góð mæting var á fundinn og var honum streymt beint út á [facebooksíðu stofnunarinnar](#) þar sem upptakan er aðgengileg.



Á fundinum fjallaði forstjórinn, Gissur Pétursson um áherslur í starfsemi Vinnumálastofnunar á árinu 2017 og þróun vinnumarkaðarins. Karl Sigurðsson sérfræðingur fræddi fólk um þá vinnu sem er í gangi er varðar framtíðarfærnisþár á íslenskum vinnumarkaði, nokkuð sem skort hefur á til að hægt sé að skapa betra samspil menntunar og starfa. Sigurður Björnsson hjá Hagfræðistofnun greindi frá stöðunni á greiningarvinnu sem nú er í gangi á samspili starfa, menntunar og atvinnugreina. Margrét K. Sverrisdóttir verkefnisstjóri hjá Erasmus+ fjallaði um samspil menntunar, tækni og evrópsku menntaáætlunarinnar. Að lokum fjallaði Guðrún Stella Gissurardóttir forstöðumaður VMST á Vestfjörðum um hlutverk ráðgjafa í breyttum heimi.

Í tengslum við ársfundinn var svo gefin út stórglæsileg ársskýrsla Vinnumálastofnunarinnar fyrir árið 2017 en hana má lesa með því að smella [HÉR](#).

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölu út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra